

Aukakirkjuþing 2021

3. mál - þskj. 3

## T I L L A G A

### til þingsályktunar um aðhaldsaðgerðir í fjármálum Þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir aukakirkjuþing 2021).

Flutt af Einari Má Sigurðarsyni, Gísla Jónassyni,  
Hermanní Ragnari Jónssyni og Svönu Helen Björnsdóttur.

Frsm. sr. Gísli Jónasson.

Aukakirkjuþing 2021 samþykkir að nýráðningar til starfa hjá Þjóðkirkjunni-Biskupsstofu skuli að svo stöddu stöðvaðar. Heimildir til að færa starfsfólk til í starfi verði nýttar þar sem við á. Jafnframt verði þeim starfsmönnum Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, sem við á, gert að takast á hendur viðbótarskyldur eftir þörfum. Ályktun þessi fellur úr gildi 1. nóvember 2021.

#### Greinargerð.

Alþingi hefur samþykkt ný lög um þjóðkirkjuna, sem eiga rót að rekja til viðbótarsamnings ríkis og kirkju frá 6. september 2019. Lögin öðlast gildi 1. júlí 2021. Samkvæmt 7. gr. laga þessara fer kirkjuþing með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar þar með talið fjárfstjórnarvald, nema lög kveði á um annað.

Í fjárhagsáætlun fyrir Þjóðkirkjuna-Biskupsstofu fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir tekjuhalla að fjárhæð kr. 91.000.000. Fyrir liggur árshlutauppgjör fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins 2021. Samkvæmt því uppgjöri er rekstrarhalli þegar orðinn um 30 millj. kr. Með hliðsjón af því og einnig því að útgjaldafrekir mánuðir fara í hönd, einkum vegna viðhalds fasteigna, er líklegt að hallinn verði meiri en áætlað var að óbreyttu. Launakostnaður er hæsti útgjaldaliður í rekstrarkostnaði Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu og verður að leita allra leiða til að hagræða og lækka launakostnað þar sem unnt er án þess að skerða þjónustu um of.

Til að bregðast við framangreindri fjárhagsstöðu er lagt til á kirkjuþingi að þingið axli ábyrgð sína á fjárfstjórn samkvæmt tilvitnuðu lagaákvæði með því að stöðva útgjöld eða draga úr þeim, þar sem þess er kostur. Því er flutt tillaga þessi um tímabundna stöðvun nýráðninga til kirkjunnar. Fyrirhugað er að vinna ítarlegri tillögur til hagræðinga í rekstri Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu á næstu mánuðum og leggja fyrir kirkjuþing 2021-2022 í haust. Er því æskilegt að gefinn verði sá tími, sem

tillögu þessari er ætlað að gilda, til að vinna ítarlegri tillögur um viðbrögð og aðgerðir í fjármálum kirkjunnar.

Með tillögu þessari er lagt til að kirkjuþing samþykki að nýráðningar verði að svo stöddu stöðvaðar. Þess í stað verði leitað leiða til að nýta þann mannafla sem þegar er í starfi hjá kirkjunni, eins og aðstæður leyfa. Má benda á heimild í 4. gr. starfsreglna um ráðningu í prestsstörf og starfslok nr. 144/2016, með síðari breytingum. Þar er biskupi heimilað að flytja presta úr einu embætti í annað.

Prestsstörf hafa undanfarin ár oftast verið auglýst með áskilnaði um að fela megi viðkomandi presti viðbótarskyldur. Geta þær skyldur verið við prófastsdæmið, Þjóðkirkjuna-Biskupsstofu eða aðrar skipulagsheildir innan Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu. Hafa þessar skyldur nýst til góðra verka í þágu kirkjunnar. Lagt er til að þær skyldur verði virkjaðar enn frekar þar sem þörf krefur og við á ef það getur leitt til aukinnar hagkvæmni og sparnaðar.

Við tillögugerð þessa var haft fullt samráð við biskup Íslands. Styður biskup að tillaga þessi verði lögð fyrir auka kirkjuþing 2021.

Gert er ráð fyrir að ekki hljóti kostnaður af samþykkt tillögunnar.